



Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 6. febrúar 2024

**Efni: frumvarp til laga um háskóla (örnám og prófgráður), 24. mál**

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvubréfs allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 23. janúar sl. þar sem óskað var eftir umsögnum um frumvarp til laga um háskóla (örnám og prófgráður), 24. mál. Markmiðið með frumvarpinu er að lögfesta heimild háskóla til að bjóða upp á örnám til námseininga og hins vegar að færa reglur um prófgráður og námsframboð háskóla nær þeim viðmiðum og þeim hæfniramma sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða (byggður á Bologna-samstarfinu).

Samtökin styðja frumvarpið og mæla með því að það verði samþykkt sem lög frá Alþingi. Nauðsynlegt er fyrir samkeppnishæfni Íslands að hér sé öflugt menntakerfi sem mætir þörfum atvinnulífsins og almennings. Með örnámi er mögulegt að liðka fyrir tækifærum til háskólanáms og styðja háskólastofnanir við að bjóða upp á viðurkennt stutt og sveigjanlegt nám til sí- og endurmenntunar. Jafnframt er mikilvægt að tryggja samræmi við þau viðmið sem sett eru í Bologna-samstarfinu þannig að nám á háskólastigi hér á landi verði viðurkennt til náms og starfa á alþjóðavettvangi.

Menntakerfið verður að vera sveigjanlegt enda skapa örar samfélagsbreytingar stöðuga þörf fyrir endurnýjun þekkingar í atvinnulífinu. Með styttri og sérhæfðari námsleiðum gefst einstaklingum á vinnumarkaði færi á að auka hæfni sína en mikilvægt er að menntakerfið eigi í góðu samstarfi við atvinnulífið um þarfir og áherslur í þeim efnum þannig að unnt sé að bregðast hratt við breytingum.

Samtökin vísa að öðru leyti til athugasemda Samtaka Iðnaðarins (SI) sem birst hafa á fyrri stigum, sbr. umsagnir SI dags. 8. nóvember 2023 og 15. september 2023.

**Virðingarfyllt,**

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Helgason